



Fundargerð sveitarstjórnarfundur 2-2023
Skagabúð 13.apríl 2023 kl 13:00

Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Bjarney Jónsdóttir.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum, Bjarney ritaði fundargerð.

Dagskrá og afgreiðsla fundarins

1. Ársreikningur 2022 - fyrri umræða

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi 2022, Davíð Búi Halldórsson tengdist fundinum með Teams og fór yfir ársreikninginn. Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi 2022 til seinni umræðu.

2. Deiliskipulagsmál

Fyrir fundinum lá fundargerð Skipulagsnefndar Skagabyggðar frá 13.04.2023 þar sem Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagstillögu fyrir Kálfshamarsvík.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið skv. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa falið að senda til Skipulagsstofnunar nýtt deiliskipulag Kálfshamarsvíkur til athugunar og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.

3. Skagabúð - gjaldskrárbreytingar og útleigureglur

Fyrir fundinum lágu tillögur um nýja gjaldskrá og útleigureglur, reglurnar og gjaldskráin voru samþykktar samhljóða og oddvita falið að koma þeim á framfæri á heimasíðu og við húsvörð.

4. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 27.000.000,-, með lokagjalddaga þann 20. mars 2039, í samræmi við samþykta lánsúmsókn.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til að fjármagna lagningu ljósastaura sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Erlu Jónsdóttur, oddvita kt. 250374-4299, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skagabyggðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt samhljóða

5. Reglur um fjárstyrk til greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum

Fyrir fundinum lágu reglur Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmanskostnaðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem sveitarstjórn fór yfir og ræddi. Reglurnar voru samþykktar samhljóða



6. Staðfesting samnings um sameiginlegt þjónustusvæði barnaverndar á mið-Norðurlandi - seinni umræða

Fyrir fundinum lá samningur um sameiginlega barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi til síðari umræðu. Samningurinn er á milli sveitarfélaganna Fjallabyggðar, Húnabyggðar, Húnaþings vestra, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar og svf. Skagafjarðar sem er samkvæmt samningi leiðandi sveitarfélag.

Fyrri umræða var 29. desember 2022 og tók samningurinn gildi 1. janúar 2023.

Samningurinn var samþykktur samhljóða.

7. Sameiningarmál

Fyrir fundinum lá erindi til Jöfnunarsjóðs og samþykkt frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um fjárstyrk til vinnu starfshóps sem yrði mannaður af foreldrum barna á aldrinum 0 til 12 ára, um sameiningarvalkosti. Oddviti fór yfir fyrirhugaða vinnu starfshópsins og samþykkti sveitarstjórn að fela oddvita að skipa starfshópin og stýra til samræmis við það erindi sem Jöfnunarsjóði var sent. Oddvita falið að gera viðauka til samræmis en fjármögnun vinnunar kemur sem aukaframlag frá Jöfnunarsjóði.

8. Norðurár bs

Oddviti sagði frá aðalfundi Norðurár bs og að samþykkt hafi verið tillaga frá Skagabyggð að skoða hvort hagkvæmt geti verið að nýta orku, hvort heldur sem er með söfnun á metangasi eða brennslu frá urðunarstaðnum Stekkjarvík eða til að nýta til kornþurrkunar. Með það í huga að reist verði kornverksmiðja við Stekkjavík þar sem bændur af svæðinu geti fengið kornið sitt þurrkað og sekkjað tilbúið til sölu eða eigin nota.

9. Fjarskiptafélag Skagabyggðar - Ársreikningur og samþykktar breytingar

Oddviti fór yfir ársreikning félagsins og var hann að lokum samþykktur samhljóða. Einnig lágu fyrir nýjar samþykktir vegna breytts hlutverks félagsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda við lýsingu heimreiða. Einnig lá fyrir erindi um að veita Erlu Jónsdóttur prókúru fyrir félagið. Samþykktir og veiting prókúru eru samþykkt samhljóða.

10. Úrgangsmál

Oddviti fór yfir stöðu mála varðandi fyrirhugað útboð.

11. Samningur um búfjárefniritils- og fjallskilanevnd Austur-Húnavatnssýslu

Fyrir lá undirritaður samningur um búfjárefniritils- og fjallskilanevnd Austur-Húnavatnssýslu, samningurinn var undirritaður 3. júní 2008 af sveitarstjórum allra sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu, þ.e. Blönduós, Húnavatnshreppur, Svf Skagaströnd og Skagabyggðar. Einnig lá fyrir fundinum samningur við markavörð Austur-Húnavatnssýslu, undirritaður af formanni búfjárefniritils- og fjallskilanevndar Austur-Húnavatnssýslu, Baldvini Sveinssyni og Jóhanni Guðmundssyni, dags. 31. janúar 2009. Samningur við markavörð er gerður samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr 6/1986 með síðari breytingum og í samræmi við gildandi fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu.

Nefndin hefur ekki verið starfhæf þar sem aðildarsveitarfélög hafa ekki skipað í nefndina til samræmis við fyrirbyggjandi samning en markavörður er enn starfandi.

Sveitastjórn felur oddvita að ræða við sveitarfélögin Húnabyggð og Skagaströnd um uppgjör kostnaðar samkvæmt samningi og óska eftir endurskoðun.

12. Drög að umsögnum:

- um drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók)
- um drög að hvítbók um samgöngumál og umhverfismatsskýrslu

Fyrir fundinum lágu drög að umsögnum fyrir hönd Skagabyggðar, oddvita er falið að senda þau inn.

13. Bréf



a) **Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi umhverfissvæna orkuöflun**
Bréfið var til kynningar

b) **Forsætisráðuneytið - fundarboð “málefni þjóðlendna”**
Sveitarstjórn mun senda fulltrúa á fundinn.

c) **Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna - fundarboð**
Sveitarstjórn sendir ekki fulltrúa

d) **Styrktarsjóður EBÍ**
Ákveðið að senda inn umsókn um styrk vegna lagningar göngustíga í Kálfshamarsvík

14. Fundargerðir

a) **Fundargerð 919. fundar Samband íslenskra sveitarfélaga**
Fundargerð lögð fram til kynningar

b) **Fundargerð 920. fundar Samband íslenskra sveitarfélaga**
Fundargerð lögð fram til kynningar

c) **Fundargerð SSNV 91. fundar 7.mars 2023**
Fundargerð lögð fram til kynningar

d) **Fundargerð SSNV 92. fundar 15. mars 2023**
Fundargerð lögð fram til kynningar

e) **Fundargerð SSNV 93. fundar 4. apríl 2023**
Fundargerð lögð fram til kynningar

f) **Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A-Hún 4. apríl 2023**
Fundargerð lögð fram til kynningar

g) **Fundargerð 108. stjórnarfundar Norðurár bs 16. mars 2023**
Fundargerð lögð fram til kynningar

h) **Fundargerð 109. stjórnarfundur Norðurár bs 21. mars 2023**
Fundargerð lögð fram til kynningar

i) **Fundargerð 1. fundur framkvæmdaráðs barnaverndar Mið norðurlands**
Fundargerð lögð fram til kynningar

j) **Fundargerð 4. fundur framkvæmdaráðs fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra**
Fundargerð lögð fram til kynningar

k) **Fundargerð byggðasamlags um Tónlistaskóla 19. desember 2022**
Fundargerð lögð fram til kynningar

15. Önnur mál

a) **Minnisblað frá skólastjóra tónlistarskólans**
Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum af ástandi húss tónlistarskólans á Blönduósi og skorar á stjórn tónlistarskólans að flýta framkvæmdum í samráði við skólastjóra.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:10

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Bjarney Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson